



Reykjavík 4. apríl, 2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis).

Í frumvarpi þessu er stigið mikilvægt og sjálfsagt skref til að gera myndefni fjölmiðla aðgengilegt fyrir sem flesta. Efni frumvarpsins snýr einkum að fólki sem er heyrnarskert eða heyrnarlaust en, eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu þá er mikilvægt að taka tillit til hratt vaxandi hóps eldri borgara hér landi. Við viljum jafnframt benda á að textun efnis mun jafnframt gagnast hratt vaxandi fjölda fólks af erlendum uppruna hér á landi. Því blasir við sú staðreynt að textun mun gagnast miklum fjölda fólks hér á landi sem þarf á texta að halda til að njóta eða hafa betri aðgang að sjónvarpssendingum.

Að okkar mati er hér um að ræða sjálfsagt mannréttindamál og mikilvægt aðgengismál. Við minnum á að Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveðjur á um „viðeigandi aðlögun“ á öllum sviðum og „algilda hönnun“ til að forðast misrétti á grundvelli fötlunar. Frumvarpið felur í sér mikilvægt skref varðandi þessi grundvallaratriði sáttmálans Alþingi samþykkti að fullgilda í september 2016.

Við teljum hins vegar að frumvarpið þyrfti að ganga lengra og kveða sterkar á um að efni sé túlkað á táknaí, og að þar ætti jafnframt að kveða á um að gera efni fjölmiðla aðgengilegt fyrir fleiri hópa svo sem fólk með þroskahömlun og fólk sem er blint eða sjónskert.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannveig Traustadóttir forstöðumaður og prófessor í fötlunarfræðum
rannvt@hi.is